

Kæri þingheimur.



THE ICELANDIC  
ASSOCIATION  
OF THE DEAF

10.12.2014

ÞVERHOLTÍ 14  
105 REYKJAVÍK  
ICELAND  
deaf@deaf.is  
www.deaf.is

## Tryggjum túlkasjóðinn, allra hagar

Við vilum biðja þig að gefa þér 5 mínútur til að skoða kynningarmyndbandið á meðfylgjandi usb lykli.

Félag heyrnarlausra ákvað í ljósi þeirra umræðna og viðbragða menntamálaráðuneytisins undanfarið þar sem félagslegi túlkasjóður heyrnarlausra er uppurinn annað árið í röð að upplýsa og fræða þyrfti yfirvöld út á hvað táknmálastúlkun í daglegu lífi þýðir. Má segja að táknmálastúlkun skiptist í fjóra megin þætti, skóla-, félagslega-, myndsíma- og atvinnutúlkun. Í kynningunni birtum við einnig umbeðna útreikninga frá Tryggingastofnun er sýnir sparnað samfélagsins ef við sendum 50 heyrnarlausra einstaklinga (25% af félagsmönnum Félags heyrnarlausra) út á vinnumarkaðinn með tækifæri á atvinnutúlkun sem ekki er í boði í dag miðað við stærð félagslega sjóðsins.

Ekki virðist sem túlkamálin hafi verið skoðuð í heild sinni m.t.t. samfélagslegra áhrifa þess að heyrnarlausir fái félagslega- og atvinnutúlkun en í kynningunni skv. útreikningum TR sýnum við það skýrt að þeir fjármunir sem settir verði í atvinnutúlkun komi margfalt til baka inn í ríkiskassann.

Sýnum samfélagslega ábyrgð og tryggjum túlkasjóðinn og aðgengi heyrnarlausra til samábyrgðar í samfélaginu. Hér er okkar framlag til ykkar kæri þingheimur. Nú er það ykkar að taka skynsamlega á þessum málum.

Virðingarfyllt,



Daði Hreinsson  
framkvæmdastjóri  
Félags heyrnarlausra

Íslenskt táknmál  
þú hefur það í hendi þér